



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel og matvæðaskólinn Leiðsöguskólinn

Fundur í skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi

29. mars 2023 Kl 12:00

Aðalmenn og áheyrnafulltrúi kennara mættir, Svandís Dóra Einarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund.

1. Skólagjöld 2023-2024: Skólameistari kynnti fyrir nefndinni tillögu að skólagjöldum næsta skólaárs. Hækkun gjalda fylgir tæplega verðlagi. Tillaga skólameistara samþykkt.

Skólagjöld MK veturinn 2023-2024

	Verð á önn
Framhaldsskólabrú	37.400 kr. 1)
Grunndeild matvæla og ferðagreina	37.400 kr. 1)
Bóknámsbrautir	23.600 kr. 2)
Iðnnámsbrautir	29.900 kr. 2)
Matartæknar/matsveinar, dreifnám með staðlotum	65.800 kr. 5)
Meistaránám iðngreina 1/1	65.200 kr. 3)
Meistaránám iðngreina 1/2	39.000 kr. 3)
Starfsdeild	36.800 kr. 4)
Aftekssvið (til viðbótar öðru námi í dagskóla)	49.800 kr.
Leiðsöguskólinn	310.300 kr. 3)

- 1) Innifalið innritunargjald, skápaleiga, fatatrygging og nemendafélagsgjald
- 2) Innifalið innritunargjald, skápaleiga, og nemendafélagsgjald
- 3) Innifalið innritunargjald og skápaleiga
- 4) Innifalið innritunargjald og nemendafélagsgjald
- 5) Innifalið innritunargjald

2. Stofnun ársins: Skólameistari kynnti ítarlegri greiningu á niðurstöðu stofnunar ársins en þar var MK einn af hástökkvörum ársins. Ánægjuleg þróun og áfram er unnið með starfsánægju fólks í MK.
3. Stofnun íþróttabrautar. Skólanefnd felur skólameistara að skoða mótun og stofnun íþróttabrautar við MK sem styður við afreksíþróttasvið. Hugsanlega væri hægt að innrita á slíka braut í skólanum frá hausti 2024.
4. Niðurstaða áfangamats haustannar 2022. Nemendur við skólann eru mjög ánægðir með kennarana sína og gefa þeim almennt góðar umsagnir.
5. Önnur mál: Formaður segir frá heimsókn mennta- og barnamálaráðherra í skólann en ráðherra og hans fylgdarlið fékk kynningu á starfsemi skólans og aðstöðu. Afar ánægjulegt var að fá ráðherra í heimsókn og auðvitað var farið yfir nauðsyn þess að reisa íþróttahús við skólann.

Fundi slitið 13:10

Fundarritun: Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari